

nefndasvið@althingi.is

Efni: Umsögn um tillögu um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019–2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2023, 148. mál.

Í tilögunni kemur fram að meginmarkmiðið sé m.a. sjálfbærar byggðir og sveitarfélög um land allt, sem er vel. Í aðgerðaráætlun 2019 – 2023 eru settar fram tíu aðgerðabættir sem áætlað er að hrinda í framkvæmd eða skoða með einum eða öðrum hætti í því augnamiði að styrkja sveitarstjórnir og sveitarstjórnarstigið. Í aðgerðabætti 5 Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga er sett fram hugmynd um að rekstur framhaldsskólans færist frá ríki til sveitarfélaga. Hér hringja strax viðvörunarbjöllur og gerir undirritaður eftirfarandi athugasemdir við þennan kafla í þingsályktunartillögunni.

Í fyrsta lagi tel ég það skjóta skökku við að stórfelldar breytingar á menntakerfinu séu sprottnar út frá þörfinni á að styrkja stjórnsýslustig en ekki út frá menntunarlegu sjónarmiði með hagsmuni nemenda og þjónustu við samfélagið að leiðarljósi.

Í annan stað tel ég það vera óeðlilegt að annað ráðuneyti en mennta- og menningarmálaráðuneytið hafi forystu um það hvort og hvernig staðið skuli að breytingu á rekstri framhaldsskóla. Það er að segja varast ber að líta á framhaldsskóla sem lokað mengi sem megi færa til á rekstrartaflborði stjórnsýslustiganna en ekki það lifandi umbreytingaragl samfélagsins alls sem framhaldsskólar eru. Íslenskir framhaldsskólar eru margþættir og ólíkir og allir þjónusta þeir nemendur óháð búsetu þeirra.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er vitnað í skýrsluna Staða og framtíð íslenskra sveitarfélaga sem kom út árið 2017. Í þeirri skýrslu kemur glögglega í ljós sú sýn sveitarstjórnarfólks að framhaldsskólinn sé fyrirbæri sem geti með tilfærslu til sveitarfélaga styrkt rekstrargrunn þeirra og haldið ungu fólki sem lengst í heimabyggð. Talað er um styttingu framhaldsskólans (framhaldsskólinn var ekki stytur) þegar einungis fáum námsbrautum af rúmlega 80, sem leiða til námsloka í framhaldsskóla, var breytt. Það er að segja þegar námstímanum til stúdentsprófs var í almanaksárum talið fækkað um eitt án þess að ganga á gæði menntunarinnar. Ég vil vara við því að út frá þessum viðhorfum sé farið í þá vinnu að skoða með tilfærslu á rekstri framhaldsskóla frá ríki til sveitarfélaga. Forsendurnar fyrir þeirri vinnu verða að vera réttar.

Það er mín niðurstaða að hugmyndir um tilfærslu framhaldsskóla frá ríki til sveitarfélaga eigi ekki heima í þessari þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllt,

Ársæll Guðmundsson, skólameistari

